

Dreifibréf 1/2004/LS

Mönnun lyfjabúða

Í 31. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum er kveðið á um að á almennum afgreiðslutíma og á álagstíma utan almenns afgreiðslutíma sé að jafnaði að störfum eigi færri en tveir lyfjafræðingar í hverri lyfjabúð við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsókn þar um að leyfa að í lyfjabúð starfi aðeins einn lyfjafræðingur, enda sé umfang starfseminnar lítið og lyfjatæknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar, sbr. viðmiðunarreglur Lyfjastofnunar um mönnun og afgreiðslutíma í lyfjabúðum sbr. bréf sem sent var lyfsöluleyfifishöfum dagsett 20. febrúar 2003. Viðmiðunarreglur um mönnun og afgreiðslutíma lyfjabúða eru einnig birtar á heimsíðu Lyfjastofnunar.

Ef ákvæði 31. gr. lyfjalaga um fjölda lyfjafræðinga sem starfa hjá lyfjabúðinni er ekki uppfyllt, skal lyfsöluleyfifishafi sækja um undanþágu frá ofangreindu lagaákvæði til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Lyfjastofnun mun fylgjast með því að skilyrðum lyfjalaga sé framfylgt og nýta sér þau viðurlög sem í gildi eru samkvæmt lyfjalögum og ákvæðum reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.

Lyfjastofnun